

REGLUGERÐ UM GLÍMUKEPPNI

1. gr. Hópglíma

- 1.1 Það kallast hópglíma þegar allir glíma við alla innan sama hóps.
- 1.2 Í hópglímu er sá sigurvegari er flesta vinninga hlýtur. Fáist ekki úrslit í viðureign skal hvorum keppanda dæmast hálfur vinningur.
- 1.3. Verði tveir keppendur jafnir að vinningum til verðlaunasætis, skulu þeir glíma til þrautar og án tillits til lotulengdar. Þó skal ef glímumenn yngri en 17 ára eiga í hlut og úrslit hafa eigi fengist eftir eina aukaglímu, skipta milli þeirra verðlaunum.
- 1.4 Verði fleiri en tveir keppendur jafnir að vinningum og eigi jafnframt möguleika á verðlaunasæti, skulu þeir keppa til úrslita í aukahópglímu með venjulegri lotulengd. Fáist þá ekki úrslit skal aukakeppnin endurtekin þar til hrein úrslit fást eða tveir verða jafnir.
- 1.5 Hópglímu má þreyta með jafnaðarfyrirkomulagi, þannig að allir glími jafnaðarglímu við alla. Lokið skal við jafnaðarglímur úr hverri umferð fyrir sig áður en keppni í næstu umferð hefst.
- 1.6. ~~ÖB~~ Með jöfn úrslit skal farið sem í venjulegri hópglímu.
- 1.7. Aukaglímur skulu ekki glímdar með jafnaðarfyrirkomulagi.

2. gr. Flokkaglíma

- 2.1 Í flokkaglímu er þátttakendum skipt eftir líkamspunga og / eða aldri. Innan hvers hóps er glímd hópglíma eða útsláttarglíma. Einnig er heimilt að hafa opinn flokk sem er óháður þyngd.
- 2.2 Glímumenn flokkast eftir aldri á eftirfarandi hátt:

Karlar:

Karlar	21 árs og eldri
Unglingar	17 - 20 ára
Sveinar	15 - 16 ára
Piltar	13 - 14 ára
Strákar	11 - 12 ára
Hnokkar	10 ára og yngri

Konur:

<i>Konur</i>	<i>21 árs og eldri</i>
<i>Unglingar</i>	<i>17 - 20 ára</i>
Meyjar	15 - 16 ára
Telpur	13 - 14 ára
Stelpur	11 - 12 ára
Hnátur	10 ára og yngri

- 2.3 Miða skal þyngdarflokkaskiptingu á Meistaramóti Íslands / Íslandsmóti í glímu við eftirfarandi þyngdir:

Karlar:

- 80 kg
- 90 kg
+90 kg

Konur:

- **60 kg**
- **70 kg**
+70 kg

Opinn flokkur

Unglingar:

- 80 kg
+80 kg

Opinn flokkur

Unglingar:

- 70 kg
+ 70 kg

- 2.4 Aldursflokkar miðast við fæðingarár keppenda. Á mótum sem haldin eru á fyrri hluta keppnistímabils þ.e. fyrir áramót skal þó miða við aldursflokk á næsta almanaksári.
- 2.5 Keppendum yngri en 11 ára er óheimilt að keppa á mótum á landsvísu.
- 2.6 Heimilt er að hafa aðra aldurs- og þyngdarflokkaskiptingu á glímumótum samkvæmt reglugerð eða ákvörðun mótsnefndar.
- 2.7 Heimilt er að skipta aldursflokkum í þyngdarflokka.
- 2.8 Leyfilegt er glímumanni að keppa í einum aldursflokki ofar en svarar til aldurs hans.
- 2.9 Heimilt er glímumanni að glíma í flokki þeirra sem þyngri eru en hann.
- 2.10 Í sömu flokkaglímu má enginn keppa í fleiri en einum flokki. Þó er glímumönnum 17 ára og eldri leyfilegt að keppa í tveimur flokkum á Meistaramóti Íslands / Íslandsmóti í glímu, Bikarglímu Íslands og Sveitaglímu Íslands. Skal annar þeirra svara beint til aldurs hjá glímumönnum 17 - 20 ára.

3. gr. Hæfniglíma

- 3.1 Í hæfniglímu eigast glímumenn við fulla lotulengd. Metin er framkoma, glímuhæfni og glímukunnátta til einkunna.
- 3.2 Dómsnefnd skipa:
 1. Yfirdómari sem stjórnar viðureignum á glímuvelli og sér um að glíman fari löglega fram.
 2. Þrír hæfniglímudómarar sem meta hverja viðureign til einkunna. Skulu þeir án þess að bera sig saman, gefa báðum glímumönnum einkunn fyrir hverja viðureign.
- 3.3 Sérstakir ritarar skulu skrá einkunnagjöf allra dómaranna. Einkunn hvers glímumanns í viðureign skal vera meðaleinkunn allra hæfniglímudómaranna reiknuð með tveim aukastöfum. Einkunn hvers glímumanns í hæfniglímunni skal vera meðaleinkunn allra viðureigna hans.
- 3.4 Verði keppendur jafnir að einkunn til verðlauna, hlýtur sá verðlaunin sem hlaut hæstu einkunn fyrir viðureign. Síðan ræður næsthæsta einkunn o.s.frv.
- 3.5 Við stigagjöf skulu dómarar taka tillit til eftirtalinna atriða:
- 3.6 **Framkoma**
Haft er í huga göngulag, kveðja og viðmót við keppinaut og drengskapur í viðureign.
- 3.7 **Glímuhæfni**
Glímumenn skulu standa beinir og armar þeirra slakir milli bragða. Ef glímumenn standa skakkir eða bolast, dregur það einkunn niður. Milli bragða skulu glímumenn taka glímustíganda ef þeir leita ekki glímubragða.
- 3.8 **Bragðfimi og varnir**
Að öðru jöfnu ber að gefa meira fyrir sókn en vörn. Réttar bragðvarnir samkvæmt glímulögum lyfta einkunn en handvarnir við gólf ekki. Ef glímumenn standa á móti brögðum dregur það einkunn niður. Ekki skal gefa sérstaklega fyrir unna glímu nema úrslitabragðið beri vott um góða bragðkunnáttu.
- 3.9 Dómurum ber að taka tillit til fimi, lipurðar og þols glímumanna.
- 3.10 Dómurum ber að taka sérstakt tillit til ef þyngdar- og aflsmunur glímumanna er mikill.
- 3.11 Einnig ber dómurum að taka tillit til fjöhlæfni glímumanna við bragðaval og varnir.

- 3.12 Einkunnir hvers dómara fyrir hverja viðureign, skulu hlaupa á heilum eða hálfum. Dómarar skulu leitast við að miða einkunnirnar við eftirfarandi yfirlit:

Frábært	10	Afar gott	9 - 9,5
Prýðisgott	8 - 8,5	Gott	7 - 7,5
Allgott	6 - 6,5	Sæmilegt	5 - 5,5
Laklegt	4 - 4,5	Lélegt	3 - 3,5
Afleitt	2 - 2,5	Mjög slæmt	1 - 1,5

- 3.13 Ef glímumaður gerist brotlegur við glímulög sem varða viðvörun eða vítabyltu þá skulu dómarar draga 1 - 5 frá þeirri einkunn sem þeir hefðu annars gefið honum, allt eftir eðli og grófleika brotsins. Þó skal einkunnin aldrei verða lægri en núll.
- 3.14 Verði glímumanni það á að auðvelda viðfangsmanni sínum að fá hærri einkunn í viðureigninni ber hæfniglímudómurum að meta það til lækkunar í einkunnagjöf. Í slíkum tilvikum hafa glímudómarar heimild til að stöðva viðureign og áminna glímumenn.
- 3.15 Hæfniglímu má þreyta í aldurs- og þyngdarflokkum.

4. gr. Bændaglíma

- 4.1 Bændaglíma fer þannig fram að tveir flokkar keppa og fyrirliðar þeirra, bændurnir, fylkja liði sitt hvorum megin glímuvallar. Sé kosið, skal varpa hlutkesti um hvor bændanna skuli kjósa fyrr, og sendir sá er fyrr kýs mann fyrst fram.
- 4.2 Bóndinn skipar mönnum sínum fram til glímu.
- 4.3. Glímumaður má ekki þreyta tvær viðureignir samfelldt nema hann standi einn uppi með bóndanum. Sá sem tapar er úr leik. Sá bændanna sem misst hefur mann, sendir fyrr fram næst og hinn bóndinn nýjan mann á móti, uns allt lið annars bóndans er fallið.
- 4.4 Fáist ekki úrslit í lotu, skulu aðrir sendir fram og sendir sá fyrr fram er fyrr sendi áður.
- 4.5 Bóndi sá er fyrr stendur einn uppi, glímir þar til hann tapar, eða hefur sigrað alla þá er uppi stóðu í hinu liðinu og þar með talið bónda þess.
- 4.6 Honum er frjálst að skora hinn bóndann á hólmi, þótt sá hafi enn mönnum á að skipa.
- 4.7 Það liðið sem leggur alla liðsmenn hins hefur sigrað og það eins þótt bóndi þess sé fallinn.
- 4.8 Verði jafnglími í síðustu viðureign bændaglímu skal glímt til þrautar eftir löglega hvíld.

5. gr. Sveitaglíma

- 5.1 Í sveitaglímu er glímt í sveitum og glímir hver keppandi við alla í glímusveit mótherjanna. Beita má fyrirkomulagi jafnaðarglímu í sveitaglímu.
- 5.2 Reglugerðir kveði á um fjölda þátttakenda í hverri sveit og heimilt er að hafa jafnmarga varamenn.
- 5.3 Ef glímumaður gengur úr keppni áður en úrslit í viðureign eða jafnaðarglímu hafa fengist glímir varamaður hans við mótherjann þegar sá hefur fengið fulla hvíld og fá þeir tíma í heila lotu eða glíma fulla jafnaðarglímu.
- 5.4 Ef glímumanni er vísað úr sveitaglímu teljast óglímdar viðureignir hans tapaðar.
- 5.5 Í innbyrðis keppni milli fleiri en tveggja sveita má viðhafa hvort heldur er útsláttar- eða hópglímufyrirkomulag.

- 5.6 Reglugerðir skulu kveða á um hvernig ná eigi úrslitum ef sveitir verða jafnar að stigum hafi þær keppt sín á milli með hópglímufyrirkomulagi.

6. gr. Útsláttarglíma

- 6.1 Kappglímu má þreyta með útsláttarfyrirkomulagi. Útsláttarglímu má glíma með jafnaðarfyrirkomulagi, eða þannig að ein viðureign ráði úrslitum milli manna.
- 6.2 Þegar jafnaðarglíma er ekki viðhöfð kveða reglugerðir á um hvort glímt skuli til þrautar strax, eða eftir eina lotu og löglega hvíld.
- 6.3 Helstu tilbrigði útsláttarglímu eru:
- 6.4 A Sá sem tapar er úr leik en sigurvegarinn heldur áfram.
- 6.5 B Sama og í A-lið nema sú viðbót að þeim sem falla úr leik fyrir tveim efstu verðlaunahöfum er gefinn kostur á uppreisnarviðureign við mögulegan lægri verðlaunahafa. Skulu reglugerðir móta kveða á um nánari útfærslu.
- C Menn falla úr leik eftir fleiri en eina tapaða viðureign. Nánar skilgreint í reglugerð.
- D Þátttakendum er skipt í hópa. Glímumenn innan hvers hóps glíma saman hópglímu. Þeir hlutskörpustu innan hvers hóps komast áfram og mynda nýja undanúrslitahópa eða strax einn hóp þar sem glímt er til úrslita. Reglugerðir kveði á um hámarksfjölda í hverjum hópi og um fjölda þeirra sem áfram komast úr hverjum hópi.
- 6.6 Reglugerðir um A, C og D tilbrigði af útsláttarglímu skulu kveða á um hvort keppendum skuli raðað eftir styrkleika, eða hvort dregið skuli um númeraröð og keppendur síðan látnir glíma saman eftir reglum GLÍ um niðurröðun viðureigna í útsláttarglímu. Einnig geta reglugerðir kveðið á um að aðeins þeim sigurstranglegustu skuli raðað, þannig að þeir eigist ekki við fyrr en í úrslitum, en dregið verði um röð hinna.

7. gr. Jafnaðarglíma

- 7.1 Í jafnaðarglímu eigast tveir keppendur við a.m.k. tvær viðureignir.
- 7.2 Fáist ekki úrslit í lotu skal hvorum keppanda dæmast hálfur vinningur.
- 7.3 Hafi annar hærri vinningatölu eftir tvær lotur sigrar sá en séu þeir enn jafnir skulu þeir glíma eina viðureign enn og þá án tillits til lotulengdar. Sama gildir sé um að ræða jafnaðarglímu keppenda 17 ára og eldri með fleiri en tveimur viðureignum.
- 7.4 Sé um að ræða keppendur undir 17 ára aldri og úrslit hafa eigi fengist eftir þrjár viðureignir skulu þeir heyja aukaglímu með venjulegri lotulengd. Fáist þá ekki úrslit skulu báðir halda áfram keppni nema um hrein úrslit sé að ræða, þá skal skipta verðlaunum.

8. gr. Stigaglíma

- 8.1 Í stigaglímu er glímd hópglíma. Í stað vinnings fyrir unna viðureign eru gefin stig fyrir viðureignina.
- 8.2 Flest stig fyrir byltu í upphafi viðureignar og fæst stig fyrir jafnglími í lok lotu. Reglugerðir kveði nánar á um eftir hvaða reglum stigum fækkar þegar liður á viðureignina.
- 8.3 Í stigaglímu er sá sigurvegari er hæst meðaltal stiga hlýtur í sínum viðureignum.

- 8.4 Verði keppendur jafnir að stigum til verðlauna hlýtur þau sá er flest stig hlaut fyrir viðureign. Séu þeir enn jafnir ræður næsthæsta viðureign o.s.frv.
- 8.5 Stigaglímu má þreyta í aldurs- og þyngdarfloknum.

Staðfest á stjórnarfundum GLÍ 4. febrúar 1990

Breytt á stjórnarfundum GLÍ 1. október 1996 / 4. nóv. 2001 / 19. sept. 2002./1.des 2010./ 13.sept 2017